



Vesturlandskógar

Ársskýrsla 2014



EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	2
Stjórn	2
Starfsfólk	2
Húsnæði	2
Fjárveitingar	2
Úr starfi Vesturlandsskóga 2014	3
Veðurfar	3
Framkvæmdir	4
Dreifingarstöðvar	5
Skrifstofa, utanumhald	5
Tengsl við þátttakendur/bændur	6
Samstarf og rannsóknir	6
Rannsóknir	6
Nefndir, ráð, samvinna	6
Þátttaka í ráðstefnum og fræðsluferðum	7
Fræðslu- og skoðunarferð um Svíþjóð.....	9
Skýrsla stjórnar félags skógarbænda á Vesturlandi 2014	16
Niðurlag.....	18
Viðaukar	18
Fundargerðir	
Ársreikningur	

INNGANGUR

Vesturlandsskógar starfa eftir lögum nr 95/2006. Markmið Vesturlandsskóga er að skapa skógarauðlind á starfssvæði sínu, rækta fjölnytja skóga og skjólbelti, treysta byggð og atvinnulíf. Starfssvæði Vesturlandsskóga er frá Reykjavík í suðri og norður í Gilsfjarðarbotn. 113 aðilar eru með samning við verkefnið á rúmlega 10 þúsund ha lands, auk þess eru 141 aðili með skjólbeltasamning.

STJÓRN

Stjórn Vesturlandsskóga skipa:

Guðbrandur Brynjúlfsson stjórnarformaður, skipaður af umhverfis og auðlindaráðherra.

Pórarinn Svavarsson, fulltrúi félags skógarbænda á Vesturlandi.

Valdimar Reynisson, fulltrúi Skógræktar ríkisins.

STARFSFÓLK

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir framkvæmdarstjóri í 100% stöðu.

Guðmundur Sigurðsson í 50% stöðu. Guðmundur lyklar bókhald Vesturlandsskóga, annast samskipti eftirlit og ráðgjöf til bænda.

Hraundís Guðmundsdóttir var ráðin tímabundið til eins árs í 50% stöðu frá og með 1. janúar. Megin verkefni hennar var útfærsla á úttektarkerfi, uppfærsla tölvugagna, úttektir, kortlagning og gerð ræktunaráætlana.

HÚSNÆÐI

Vesturlandsskógar hafa aðsetur að Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri. Eigandi húsnæðisins er Borgarland ehf en á sama stað eru m.a. til húsa Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Framleiðnisjóður, héraðssetur Landgræðslu ríkisins og fleiri stofnanir.

FJÁRVEITINGAR

Fjárframlag út ríkissjóði til Vesturlandsskóga var 51,1 milljón króna á árinu 2014. Þriðjungur af kostnaði við rekstur Vesturlandsskóga var launakostnaður en tveir þriðju var kostnaður við rekstur (skrifstofa og bíll) og tilfærslur (keyptar plöntur og framlög til bænda).

ÚR STARFI VESTURLANDSSKÓGA 2014

Þessum kafla er skipt upp í nokkra undirkafla þar sem gerð er grein fyrir starfi verkefnisins á árinu.

VEÐURFAR

Í yfirliti Veðurstofunnar fyrir árið 2014 kemur fram að árið hafi einkennst af miklum hlýindum meginhluta ársins en víða var mjög úrkomusamt og sumarið sólarrýrt. Á Vesturlandi var árið þriðja hlýjasta ár sem þekkt er í landshlutanum. Ársmeðalhiti var t.a.m. 5,3°C í Stykkishólmi.


Í upphafi árs var tíðarfarið frekar þurr og að margra mati hagstætt. Þegar tók að vora fór að bera á miklum skemmdum á greni og furu, þetta var víða áberandi í landshlutanum en þó mest á Skógarströndinni þar sem miklir skaðar höfðu orðið. Skemmdirnar má rekja til þess mikla þurrakulda um veturinn og skaraskemmda sem af hlutust, en dæmi voru um að allt að tíu ára gömul tré færu afar illa. Á meðfylgjandi myndum sjást skemmdirnar glögglega en auk þess mátti sjá skemmdir víða t.d. á nýmáluðu grindverki á bænum Innra-Leiti á Skógarströnd en þar hafði málningin bókstaflega skafist af í skaraveðrum um veturinn.

Sumarið var votviðrasamt og sólar naut lítið við. Haustið var hagstætt en árið endaði með fremur umhleyplingasömum og köldum desember.



FRAMKVÆMDIR

Á árinu 2014 voru 279.560 plöntur gróðursettar á vegum verkefnisins, samningar um framleiðslu á plöntunum eru við þrjá plöntuframleiðendur sem eru: Barri, Sólskógar og Álmur. Í töflunni á næstu síðu er sundurliðað magn plantna eftir tegundum. Einnig eru hér fyrir neðan sömu upplýsingar settar fram í kökuriti.



Tegund	Fjöldi	Tegund	Fjöldi
Stafafura	117.240	Ilmreynir	2.390
Sitkagreni	49.608	Tilraunaplöntur (stafafura og skógarfura)	2.240
Rússalerki	40.360	Hvítgreni	1.400
Ilmbjörk	33.980	Alaskavíðir	1.272
Sitkabastarður	12.008	Broddfura	1.160
Lindifura	5.040	Doglasgreni	960
Alaskaösp	5.005	Hengibirki	912
Stiklingar (víðir)	3.017	Selja	528
Evrópulerki	2.440	Samtals	279.560

Lögð var áhersla á að sinna skjólbeltabændum á Snæfellsnesi þetta árið og heildar lengd skjólbeltagerðar árið 2014 varð 5 km (m.v. einfalt belti).

Ein ný jörð, Stapasel í Borgarbyggð var tekin inn í verkefnið og var hún kortlögð sumarið 2014 og ræktunaráætlun unnin í kjölfarið.

DREIFINGARSTÖÐVAR

Engin breyting var á umfangi dreifingarstöðva hjá Vesturlandsskógum þetta árið. Plöntum var dreift frá þremur stöðvum, Reit í Reykholtssdal, Erpsstöðum í Dalabyggð og Ræktunarstöðinni Lágafelli á Snæfellsnesi.

SKRIFSTOFA, UTANUMHALD

Aðeins var gert upp einu sinni á árinu við hvern skógarbónda. Búið var að ganga frá öllum uppgjörum í lok október. Við þessa breytingu sparadist þónokkur tími en árin áður hafði verið gert upp við bændur tvisvar á ári, í ágúst og í nóvember-desember.

Áætlun ársins var kynnt snemma, þ.e. hvernig uppgjörum yrði hagað og einnig varðandi verklagsreglur við úthlutun plantna og endurúthlutana (ef bændur höfðu ekki tök á að gróðursetja áætlað magn). Endurúthlutun átti sér stað 23. júní og 22. september. Reglan var að vorplöntun væri lokið og dreifingarstöðvar tómar eigi síðar en vegna vorplöntunar 30. júní og haustplöntunar 30. september. Tilgangurinn með þessu var að auka gæði og eftirlit en hingað til hafa plöntur oft verið lengur á dreifingarstöðum en þær hafa þolað.

Sumarleyfi: Skrifstofa var lokuð í tvær vikur í júlí en annars skipti starfsfólk með sér verkum og tók megnið af sínum fríum sitthvoru megin við vikurnar sem skrifstofan var lokuð.

Við úttektir var unnið að mestu í ágúst og september eftir ný innleiddum starfsreglum við úttektir, þær starfsreglur voru útfærðar fyrri hluta árs en gengu m.a. út á að gengið var á ákveðna punkta í eins árs gróðursetningum og tekið út

kerfisbundið eftir fyrirfram ákveðnu hnitakerfi, gögnum var safnað og þau færð í gagnagrunn.

TEGSL VIÐ ÞÁTTAKENDUR/BÆNDUR

Opinn fundur Vesturlandsskóga (stundum nefndur ársfundur) var haldinn í febrúarlök þar sem farið var yfir starfsáætlun ársins, úthlutunarreglur voru kynntar, uppgjör og vinna við útfærslu á úttektum var einnig kynnt fyrir skógarbændum. Auk þess komu tveir nýútskrifaðir skógfræðingar með erindi inn á fundinn, annarsvegar var það Hraundís Guðmundsdóttir sem sagði frá lokaverkefni sínu við Landbúnaðarháskólann um ávaxtatré og Trausti Jóhannsson flutti erindi um sitt lokaverkefni sem fjallaði um „mini“ plöntur. Þessi fundur tókst með ágætum, miklar umræður sköpuðust en á eftir var matur og skemmtiatriði í boði Félags skógarbænda á Vesturlandi.

Nánast allir þátttakendur voru heimsóttir þegar gróðursetningu var lokið á árinu, þá voru gróðursetningar teknar út en auk þess fengu bændur ráðleggingar um framhaldið. Þessi þáttur í starfi Vesturlandsskóga verður seint metinn til fjár en gagnvirk fræðsla, miðlun upplýsinga og reynsla er veigamikill hluti af starfssemi verkefnisins til að árangur verði sem best er á kostið. Fræðsla er lykill að árangri.

SAMSTARF OG RANNSÓKNIR

RANNSÓKNIR

Farið var af stað með kvæmarannsókn á stafafuru í samstarfi við Rsr Mógilsá. Plantað var út á tveimur stöðum á Vesturlandi, Rauðsgili og Vörðufelli. Vesturlandsskógar fengu aðstoð við að setja út tilraunina frá Brynjari Skúlasyni hjá Skógrækt ríkisins en starfsfólk Vesturlandsskóga sá um útplöntun um vorið og úttekt um haustið en þá var lifun metin og hæð plantanna mæld.

Kvæmatilraun með hengibirki í samstarfi við öll Landshlutaverkefni nema Skjólsskóga var undirbúin á árinu, staðsetning valin á Setbergi á Skógarströnd og Tungufelli í Lundareykjadal. Gert er ráð fyrir útplöntun í tilraunina vorið 2015.

NEFNDIR, RÁÐ, SAMVINNA

Framkvæmdarstjóri situr í fagráði skógaræktar, skipuð af ráðherra en tilnefnd af landshlutaverkefnum í skógrækt, Sæmundur Þorvaldsson framkvæmdarstjóri Skjólsskóga er til vara.

Aðilar að plöntuframleiðslu, landshlutaverkefni og skógrækt ríkisins hafa efnt til samráðsvettvangs um frémál og er stefnt að funda reglulega varðandi þau mál, þeirri vinnu verður væntanlega haldið áfram á árinu.

Rannsóknir, forgangsöröðun og stefnumótun LHV í samstarfi við Mógilsá. Hugmyndir eru uppi um að LHV leggi ákveðna prósentu af fjárframlögum í rannsóknir í samstarfi innbirðis og við Mógilsá, hugmynd er að sú prósentutala verði 1-1,5%.

Landshlutaverkefni unnu að endurgerð upplýsingabæklings um skógrækt. Bæklingurinn var unnin uppúr eldri bækling frá Norðurlandsskógum, textinn var endurbættur, upplýsingar uppfærðar og nýjar skýringarmyndir teiknaðar. Bændur fengu bæklinginn sendan í pósti með ársuppgjörinu.

Vinnu við gerð reglugerðar v laga nr 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt var haldið áfram en hún hófst á vordögum 2013, þessi vinna kláraðist seint á árinu þó ekki hafi náðst að staðfesta hana af ráðherra á árinu 2014.

PÁTTAKA Í RÁÐSTEFNUM OG FRÆÐSLUFERÐUM

Vísindapening landbúnaðarins „Landsýn“ var haldin á Hvanneyri föstudaginn 7. mars. Yfir 140 manns tóku þátt en flutt voru 30 erindi í þremur málstofum auk veggspjaldasýningar. Að Landsýn stóðu Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsla ríkisins, Matvælastofnun, Skógrækt ríkisins og Veiðimálastofnun.

Fagraðstefna skógræktar var haldin á Selfossi dagana 12.-13. mars. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Skógur og skipulag“. Skipulagsmál skógræktar voru í brennidepli fyrri dag ráðstefnunnar en þann seinni voru erindin af ýmsum toga. Að fagraðstefnu skógræktar stóðu Suðurlandsskógar sem héldu utan um framkvæmdina en auk þeirra komu að málum aðilar frá Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, Skógrækt ríkisins, Skógfræðingafélag Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands. Hátt í 130 manns tók þátt í ráðstefnunni á Selfossi. Skógfræðingafélag Íslands hélt aðalfund sinn kvöldið fyrir ráðstefnuna, þriðjudagskvöldið 11. mars.

Starfsfólk Vesturlandsskóga fór austur á Hérað á „landsmót“ landshlutaverkefna í skógrækt. Allt starfsfólk LHV hittist einu sinni á ári. Verkefni skiptast á að skipuleggja tveggja daga heimsókn, en dagarnir eru nýttir til skoðunarferða og/eða fræðslufyrirlestra. Þetta árið var áhersla lögð á grisjun eða bilun í ungskógi og fengu þátttakendur hjálfun í að meta grisjunarþörf í 20 ára gömlum skógi. Einnig var boðið uppá kynningu á slóðagerð.

Ferð stjórnar og starfsfólks í Dalina. Árlega fer stjórn Vesturlandsskóga í dagstúr með framkvæmdarstjóra og starfsfólki á eitthvert svæði Vesturlandsskóga. Þetta er gert svo stjórnin sé í meiri tengslum við það sem er að gerast á úti á mörkinni. Í þetta sinn var Aðalsteini Sigurgeirssyni forstöðumanni Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá boðið með en meginmarkmið ferðarinnar var að skoða tuttugu ára gamla klónatilraun með ösp sem staðsett er á Saurstöðum í Dölum. Einnig var Bergþóra Jónsdóttir skógarbóndi á Hrútsstöðum heimsótt og að lokum var Jón Hjartarson á Breiðabólstað í Sökkólfsdal heimsóttur.

Fagferð framkvæmdarstjóra LHV til Svíþjóðar 22.-25. september. Þar sem grisjun er hafin eða er að hefjast í öllum landshlutum og afurðir skóganna að líta dagsins ljós þótti framkvæmdastjórum tímabært að kynna sér af eigin raun þann þátt í einhverju nágrannalandi okkar. Til að nálgast sem mest okkar aðstæður var ákveðið að fara nokkuð norðarlega í Svíþjóð, nánar tiltekið á Jämtland og Vestra norðurland. Áhersla var lögð á úrvinnslu úr skógum í okkar (smáum) skala. Skógareigendur heimsóttir, úrvinnsla skoðuð á bæjum og í minni úrvinnslustöðvum, einng grisjun skóga í minni skala og með minni vélum. Fræðst var um markaðssetningu og nýtingu skógarafurða. Göran Espmark formaður skógareigenda hjá Norrskog var fengin til að skipuleggja ferðina í samstarfi við Björn Jónsson Suðurlandsskógum en auk hans voru í ferðinni Ólöf Sigurbjartsdóttir, Héraðs- og Austurlandsskógum, Valgerður Jónsdóttir Norðurlandsskógum, Sæmundur Þorvaldsson Skjólaskógum og Sigríður Brynleyfsdóttir Vesturlandsskógum. Nánar er greint frá þessari ferð í sér kafla í þessari ársskýrslu.

Ferðafrásögn unnin af framkvæmdarstjórum verkefnanna Mánudagur 22. september

Ferðin hófst á fundi hjá Sænsku bændasamtökunum LRF (LRF=Lantbrukarnas Riksförbund) í Stokkhólmi þar sem Marianne Erikson tók á móti okkur með kynningu á samtökum sænskra skógareigenda auk almenns fróðleiks um sænska skóga og rekstur þeirra. Samtök sænskra skógarbænda eru fjögur talsins; Södra, Mellanskog, Norrskog og Norra, talið frá suðri. Sameiginleg tenging skógareigendafélaganna er LRF Skogsägarna sem er hluti (e.k. búgreinafélag) innan bændasamtakana sænsku. Marianne stjórnar tengslaneti (kommunikation) LRF Skogsägarna og er okkur að góðu kunn fyrir aðkomu sína að yfirfærslu verkefnisins Kraftmeiri skógur (Kraftsamling skog) til Landsamtaka skógareigenda (LSE) á árunum 2012-2014. Á skrifstofu LRF starfa 8 manns auk Marianne að málefnum skógareigenda allt frá hreinum lobby-ysma til rannsókna og þróunarvinnu auk félagslega þáttarins. Einn hluti starfsins er að taka virkan þátt í þróunar og rannsóknarstarfi í gegnum stjórnir til þess bærra stofnana eða með stórfyrirtækjunum í skógar- og timburiðnaði en þau eru faglega mjög sterk.

Sænskir skógar þekja samtals 28 milljón hektara lands en þar af eru 23 milj. hektara með yfir 1m³ árlegan viðarvöxt. Um 40% sænskra skóga telst furuskógur, 27% greniskógur, 15% blandaður barrskógur og 6% laufskógur. Liðlega helmingur allra skóga er í eigu 330.000 skógarbænda, 48% eru konur. Hinn helmingur skógana skiptist nokkuð jafnt milli ríks, sveitarfélaga og kirkna annars vegar og stórra skógar- og viðariðnaðarfyrirtækja hins vegar. Tæpur helmingur skógarbænda eru félagar í skógareigendafélögum. Skógariðnaðurinn er að mestu í höndum samlaga skógarbænda eða stórfyrirtækja s.s. SCA, Stora, Holmen o.fl., en stærsti einstaki aðilinn er þó sænska ríkið með sinn rekstur undir nafninu Sveaskog. Skógareigendafélögin sænsku er frjáls félagasamtök með það aðalmarkmið að rekstur skógarauðlindarinnar sé og verði hagkvæmur og sjálfbær fjölskyldurekstur. Til að ná þessum markmiðum beita samtökin sér í markaðs og sölumálum, rekstrarráðgjöf og alhliða skógarþjónustu. Félagin reka einnig fjöldan allan af ýmiskonar afurðasamlögum auk fyrirtækja í úrvinnslu. Félagin njóta engra ríkisstyrkja en reka sig á tekjum af eigin starfsemi og félagsgjöldum sem fara eftir stærð lands.

Eftir morgunkaffi tók fyrrum formaður skógareigendafélags Uppsala léns, Hans Tiben við og fræddi okkur af skörungsskap um tilgang og starfsemi síns félags, Mellanskog. Hans er sjálfur skógarbóndi og á 350 ha. skóg og er einn af stofnendum skógarbændafélagsins og með víðtæka reynslu af ráðgjöf við uppbyggingu félagskerfis skógarbænda. Þetta er spurning um rekstur - sagði Hans en lagði um leið áherslu á að sá sem annast um sjálfan skóginn þurfi að vera bóndi (og hugsa sem slíkur) en ekki iðnrekandi. Skógarbændafélögin eins og Mellanskog tryggja stöðuga umsetningu afurða á sanngjörnu verði á sveiflukenndum markaði en í ráðgjöf til bænda um rekstur þurfa tekjur að vera sjánlegar, traust hagnaðarvon er það sem dregur vagninn.



Eftir hádegisverð í boði LFR Skogsägarna var flogið norður til Östersund og þaðan ekið tæpa 100 km, norður til Strömsund þar sem við eyddum kvöldinu og næstu tveimur dögum undir handleiðslu fyrrum stjórnarformanns Norrskog, Göran Espmark. Um kvöldið sátum við fund á skrifstofu Norrskog en þar hafa fjórir starfsmenn aðstöðu og einn þeirra Johann Hanson kynnti okkur praktískar hliðar starfseminnar, einkum hefðbundna skógrekstrarráðgjöf m.a. með gerð 5 eða 10 ára ræktunaráætlana, skógmælinga, umsjón og skipulag á afsetningu afurða. Á fundinum var einnig stjórnarmaður Norrskog Maria Lundgren og núverandi formaður félagsins Marie Grill og kynntu þær starf félagsins. Norrskog á og rekur eigið sagverk og á hluti í öðrum. Þrjú prósent tekna fer í rekstur félagsins og yfirstjórn en ráðgjafabjónustan á að standa undir sér.

Þriðjudagur 23. september

Dagurinn hófst á heimsókn til skógarbóndans Clas Grill. Hann og konan hans Marie, sem einnig er formaður sænskra skógareigenda á svæðinu, eiga um 600 hektara skóg, sem Clas grisjar sjálfur. Grisjunarvélin sem þau hjón eiga er af



gerðinni Malwa 460, þetta er svokölluð „combi-vél“ eða sambyggð, þannig að það er bæði hægt að grisja og keyra út með sömu vél. Þetta er afar nett vél, vegur einungis um 3,6 tonn. Vélin er aðeins 1,9 metra breið og á vatnsfylltum gúmmídekkjum, en ekki á beltum eins og flestar stærri vélar. Aðspurður sagði Clas að val sitt ráðist af því að vélin er á hjólum en beltavélar skemma jarðveg og særa rætur. Þetta á sérstaklega við að sumri en Clas vinnur í skóginum allt árið. Annað meginatriði var að vélin er samsett þannig að hann getur bæði grisjað og keyrt viðinn út á sömu vél. Vélin er ekki stórvirk og hentar ekki í stórvöxnum skógi, hún sagar að hámarki 30 cm. Þvermál og Clas er aðeins um hálf tíma að skipta högghausnum út fyrir greyp til að stafla viði á vagn vélarinnar sem getur tekið um 8 m³ (laust) af timbri í hverri ferð. Galli við þessa vél er að hún vinnur ekki í

miklum hliðarhalla, en getur unnið undan brekku í um 40°halla og 25°halla upp brekkur. Clas taldi að skógareigandi þyrfti að eiga um 400 ha skóg til að það borgaði sig að reka eigin tækjakost af þessu tagi í stað þess að ráða verktaka í grisjun og útkeyrslu, en auk þess fylgdu því kostir að sjá um þetta sjálfur fyrir utan atvinnuna sem það skapar honum. Það er ekki sjálfgefið að fá verktaka þegar það hentar -eða sem vinnur verkið samkvæmt þínum kröfum.

Við vorum sammála um að svona nett, samsett vél eins og þessi gæti hentað vel í millibilsjöfnun (bilun) á Íslandi, alla vega í lerkiskógana en stórgreinóttur furuskógur væri e.t.v. of mikið fyrir þessa vél. Clas taldi að svona vél kostaði u.þ.b. 25 m.kr. íslenskar krónur í Svíþjóð. Nánari upplýsingar um vélinu má finna á www.malwa.se.

Næst lá leið okkar til Arne Olsson í Bredekälen, hann rekur þar ásamt Gunilla konu sinni litla sögunarverksmiðju, BK-trä. (www.bktra.se). Þau stofnuðu fyrirtækið árið 1992 og upphaflega var markmiðið að kaupa timbur og saga eftir pöntunum viðskiptavina. Fyrirtækið hefur síðan þróast í að framleiða allskonar sérpantaða



hloti úr timbri, allt frá innréttingum til fullbúinna húsa, ásamt því að afgreiða sagað timbur eftir óskum. Þau Arne og Gunilla sýndu okkur myndir af ýmsu sem þau hafa verið að framleiða undanfarin ár og hrifumst við af handbragðinu og hugmyndaauðginni. Þessi heimsókn sýndi okkur hvað einstaklingar geta áorkað með dugnaði og frumkvæði og þarna fengum við enn eina sönnun þess hvað

timbur bíður upp á óteljandi möguleika í hönnun og frumlegheitum.

Eftir hádegið var farið til TF-bygg (Fredrik Person Lövvirkeshus). Í þessu fyrirtæki eru sperrur settar saman með stálplötum. Einn maður vinnur að öllu jöfnu við samsetningu sperranna en fyrirtækið er í samstarfi við byggingarvöruverslun. Samsetningin á sperrunum er gott dæmi um hvernig er hægt að skapa vinnu í trjáíðnaðinum án mikils tilkostnaðar.

Á leið til Aspñäs í Jämtland var komið við í skógi sem verið var að fella. Þar kom í ljós að skógarbóndi fær 120 SKR fyrir rúmmetra af timbri sem er selt til brennslu, 170 SKR fyrir rúmmetra af furutimbri sem er ætlað í pappír og síðan allt upp í 420 SKR fyrir rúmmetra af timbri af bestu gæðum til sögunar. Fyrirtæki Lars Jonssonar var að höggva og keyra út úr skóginum með Valmet 960,4 og Valmet 901.3. Verðið sem þeir fá er 30 kr / m³ fyrir högg en 40 kr / m³ fyrir útkeyrslu.

Eftir þessa heimsókn var farið í Aspñäs þar sem byrjað var á að skoða vel grisjaðan furuskóg með standandi 400 m³/ha. Góð grisjun og umhirða hefur gert þennan skóg að verðmætum timburskógi sem bíður höggs.

Granni Görans rekur hjólsög þar sem hver sem er getur komið og sagað sitt timbur. Kostar það 300 SKR á tímann. Það er greinilega grundvöllur til að reka viðarsög á þennan hátt og gott fyrir þá skógareigendur sem þurfa að saga lítið magn að geta komið með sitt timbur og sagað á þennan hátt.



Næst var farið í heimsókn til Sven Erik Sulin sem gangsetti fyrir okkur NIAB troktorsproffessor. Það er hægmataandi afgreinarari en greinilega vinnusparandi fyrir einyrkja í skógrækt. Sven Erik var einnig með Logosol sög af einföldustu gerð.

Í lok þessa dags bauð Göran okkur heim til sín. Bræðurnir Göran og Hákan Espmark búa á jörðinni Toppen. Jörðin er 600 hektarar og hefur verið setin af sömu ætt frá árinu 1673.

Göran sýndi okkur byggingar, tæki, og tól, ásamt vel hirtum skóg. Mikil snyrtimennska er innan sem utanhúss. Á sama hátt og víða annarsstaðar mátti sjá engan íburð og spurningar vöknudu um hvernig hægt sé að reka jafn stóran skóg án mikils vélbúnaðar. Það skýrðist reyndar að hluta til þegar við rákumst á heimspekilegar vangaveltur Görans um skógræktina. Upp á vegg mátti lesa þrjú heilræði hans;

1. Ekki flækja hlutina
2. Haltu kostnaðinum niðri
3. Felldu að hámarki árlegan viðarvöxt skógarins

Öll upphitun húsa á jörðinni er með timburbrennslu. *Ultima* brennari er notaður og fara ca. 25 rúmmetrar af 50 cm klofnum viði í ofninn árlega.

Á göngu um skóginn var margt skoðað og margt áhugavert sem þar var að sjá. Skógurinn er ákaflega vel hirtur, grisjaður og endurnýjaður eftir heilræði Görans „felldu að hámarki árlegan viðarvöxt skógarins“.



Að loknum vel heppnuðum degi var boðið til kvöldverðar þar sem borið var fram dýrindis elgkjöt með tilheyrandi meðlæti.

Miðvikudagur 24. september

Dagurinn var tekinn snemma eins og endra nær og fyrsti viðkomustaður þennan



daginn var í Görviks tré í Görvik. Þar búa bræðurnir Leif og Per Jonsson. Á jörðinni reka þeir svínabú, sláturhús og sagverk. Þeir eiga 1000 ha skóg og í Hammerdal sem er í nokkurri fjarlægð reka þeir trésmíðaverkstæði. Sagverkið hefur fjölskyldan rekið síðan 1990. Sagverkið er hægt að keyra það með tveimur starfsmönnum

en hentugast er að það séu fjórir. Sagað er í borðvið og eru „bökin“ eða afskurðurinn notaður til brennslu. Áður ráku bræður einnig viðarþurrkun en vegna minni eftirspurnar á þurrum við ákváðu þeir að breyta þurrkúsinu í svínasláturhús fyrir eigin svínakjötsframleiðslu. Þetta telja þeir að borgi sig bæði m.t.t. efnahags og dýravelferðar sjónarmiða en um 500 km eru í næsta sláturhús. Bræðurnir slátra einu sinni í viku og þá ca. 10-12 svínum í hvert sinn en á ársgrundvelli eru þeir að slátra um 500 dýrum. Kjötið er unnið á staðnum þar sem þeir eru með góða aðstöðu til kjötvinnslu í sama húsi. Kjötið er selt í héraði bæði í heilum og hálfum skrokkum en einnig í kjötbúðir og á veitingastaði í héraðinu. Smíðaverkstæðið í Hammerdal keyptu bræðurnir árið 2008 en áður hafði það verið opinber timburvinnsla sem átti sín gullaldarár í kring um 1980 þegar 55-60 manns unnu þar. Núna eru stöðugildin 6,5. Á verkstæðinu er unnið límtré, einnig loftklæðningar með hljóðdempun bæði í stöðluðum einingum en einnig sérsníðaðar og sýndi Leif okkur sýnishorn sem fer í kirkju í Gautaborg. Þarna eru einnig smíðaðar tröppueiningar sem hægt er að kaupa ef endurnýja á tröppur, gera gamlan stiga eins og nýjan, listar og margt fleira.

Skogma (<http://skogma.se>) er stór vefverslun með aðsetur í Hammerdal. Fyrirtækið er í eigu þjóðverja og eru þeir með útibú á norðurlöndunum og víða í norður Evrópu. Skogma selur allt milli himins og jarðar sem snertir skógrækt, mælitæki, verkfæri, fatnað o.fl. Við skoðuðum lagerinn og kíktum í búðina og allir fengu með sér bæklinga.

Lam-Tech í Hammerdal er stór verksmiðja sem framleiðir „Isotimber“ en það er ein aðal framleiðsluvaran þeirra auk pellets. Isotimber eru nýjung í byggingarefnum, út- og innveggja einingar en hugmyndin er að einingin innihaldi burð og einangrun með góða loftun. Þegar við vorum á ferð voru lengdirnar á einingunum um 1,5 m., en ummálið 10*10cm. Hægt er að nálgast myndband á: <http://www.youtube.com/watch?v=lkTzcntCruE> en þar sést vel hvernig staðið er



að framleiðslunni. Við framleiðsluna fellur til mikið sag og er það notað til framleiðslu á pellets en fyrirtækið er með 4 ára samning um framleiðslu á pellets fyrir sveitarfélagið til upphitunar. Þegar pellets er framleitt þarf að hækka rakastigið í saginu upp í 16-18% svo það sé framleiðslutækt.

Jæra snickeri og design er lítið smíðaverkstæði úti í sveit sem Sten Eriksson rekur í Störåsen. Hann sérhæfir sig í hönnun á gegnheilum útimublum og gluggum og vinnur auk þess sérpantanir. <http://www.jaeradesign.se/>

Ottsjö Snickeri í Ottsjön er í raun tvö aðskilin fyrirtæki sem reka smíðaverkstæði undir sama þaki. Annað er rekið af Alf Nilson sem sérhæfir sig í smíði á stigum og auk hans vinna þar tveir starfsmenn. Þeir framleiða um 60-65 stiga á ári. Efniviðurinn er ýmiskonar en furan sem notuð er kemur frá Hammerdal en aðrar viðartegundir eru keyptar frá Smálöndunum. Markaðurinn er Östersund og nágrenni. Hver stigi kostar um 35 þúsund SEK + vsk.

Hitt fyrirtækið sem Jonas Andersson rekur sérhæfir sig í einingahúsum, þar eru fjórir starfsmenn. Starfsmaður hjá fyrirtækinu sér einnig um að gera byggingarteikningar fyrir húsin. Vinna við smíði eininga í eitt 160 m² hús inni á verkstæði þ.e.a.s. að gera allar einingar klárar tekur um tvær vikur en síðan er farið og unnið við uppsetningu og er misjafnt hvað það tekur langan tíma. Einingarnar eru með einangrun og klæðningu. Klæðningarnar eru úr límtré sem síðan eru málaðar með Falun färg. Okkur Íslendingunum þótti forvitnilegt að heyra



fermetraverð á nýbyggingum í Svíþjóð sem spannar allt frá 9 þúsund SEK upp í 36 þúsund SEK.

Þennan síðasta ferðadag ókum við ansi langt og voru það þreyttir ferðalangar sem komu til Strömsund um kvöldið og enduðu góða ferð á veitingastað í miðbænum .

Það er augljóst að sá tími er að renna upp á Íslandi að viðfangsefni skógareigenda verður úrvinnsla og markaðsmál meðfram umhirðuþáttum og framkvæmdastjórar LHV eru sammála um nauðsyn þess að skógarbændur búi sig hratt og vel undir tæknilegar hliðar umhirðu skóganna og ekki síður að félög skógarbænda og LSE undirbúi sig faglega til að geta stýrt skógarauðlindinni hnökrallítið inn í framtíðina. Landshlutvarkefni geta og eiga að koma að þessu starfi í auknu mæli á næstu árum og áratugum en það verða samt sem áður skógarbændur sjálfir og úrvinnsluiðnaðurinn sem mun ráða úrslitum um hvort okkur tekst að gera skógin að tekjuauðlind hér eins og hjá skógarþjóðum.

Stjórn FsV hefur fundað nokkrum sinnum á árinu, töluverð samskipti hafa einnig farið fram í gegnum tölvur og síma, í stjórninni eru ég (Þórarinn Svavarsson), Guðmundur Sigurðsson (gjaldkeri), Halla Guðmundsdóttir (ritari), og varastjórnin er skipuð þeim Jóni Zímsen, Halldóri Jóhannssyni og Lúðvig Lárussyni.

Framfarafélag Borgfirðinga hélt sína fyrstu Rabarbarahátíð í Reykholti í Borgarfirði 21. júní, þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá og skemmtilega sveitamarkaðsstemningu. Hátíðin var haldin í samstarfi við Búdrýgindi og Saga Geopark. Hraundís Guðmundsdóttir Rauðsgili, Guðfinna Guðnadóttir á Steindórsstöðum og Halla Guðmundsdóttir Dalsmynni buðu upp á ketilkaffi og sykurlúða fyrir FsV og upplýstu gesti og gangandi um starf skógarbóndans, þetta var einstaklega vel heppnaður dagur og er það vilji okkar að gera meira af því líku.

Að þessu sinni hittumst við hjá Bergþóru og Böðvari á Hrutssöðum í Dölum, Þau heiðurs hjón tóku á móti okkur í nýskúraðri vélarskemmoni og þegar allir voru búnir að heilsast og spjalla var haldið upp í Hálsaskóg, þar sem þau sýndu og sögðu okkur frá skógræktinni sinni bæði því sem vel hefur gengið, en einnig því sem ekki hefur farið sem skyldi. Þar sáum við tilraunareit með lerkiblendingnum Hrym, sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni þó ekki hafi hann farið vel af stað. Fall er fararheill sagði einhver. Eftir þessa för um hálsinn er greinilegt að í náinni framtíð verður þar komin myndarlegur skógur. Að göngu lokinni var boðið upp á þessa fínu kjötsúpu og með því og að lokum fóru allir glaðir til síns heima eftir vel heppnað kvöld.

Árleg sumarferð Félags skógarbænda á Vesturlandi var farin laugardaginn 9 ágúst. Í fyrra var farið í Dalina og skógarbændur þar heimsóttir, en núna var stefnan tekin til skógarbænda í uppsveitum Borgarfjarðar. Það voru 33 félagar sem mættu í rútu hjá Sæmundi að morgni laugardags ákveðnir að kynna sér hvað borgfirskir skógarbændur hefðu afrekað á undanförunum árum. Fyrsti bærinn sem var heimsóttur var Efri Hreppur í Skorradal og farið í Stallaskóg, sem er mjög myndarlegur og vel hirtur útivistarskógur. Þar var byrjað að gróðursetja árið 1974. Í lok skógargöngu í Efri Hrepp var boðið uppá kaffi og konfekt. Þaðan var stefnan tekin í Lundarreykjadal og stafafurulundur frá 2001 heimsóttur á Tungufelli og á Oddsstöðum var skoðuð nytjaskógrækt, sem saman stendur af lerki, furu, greni, elri og birki. Gróðursetningar hófust þar árið 1999. Á Oddsstöðum snæddi hópurinn nestið sitt í 101 árs gamalli hlöðu sem búið er að gera upp að hluta. Í Reykholtisdal var komið í lerkiskóg í Deildartungu frá 1997 og á Steindórsstöðum í gamla skógarreitinn, sem byrjað var að gróðursetja í árið 1944. Ekið var fram að Skógarseli og skógræktin þar kynnt, en þar var byrjað að gróðursetja árið 1985. Þaðan var ekið í Rauðsgil í Hálsasveit og þar þáði hópurinn ketilkaffi og lummur sem bakaðar voru á pönnu við eld. Á Rauðsgili voru einnig skoðuð ávaxtatré og býflugnarækt kynnt. Þá var ekið sem leið liggur um Kolbeinsrófu og fram hjá skógræktinni á Úlfsstöðum og yfir í Hvítársíðu. Síðasti bærinni sem var heimsóttur var Kirkjuból í Hvítársíðu og þar er nytjaskógrækt frá því um 2000. Að lokinni

ferð var komið við í Fossatúni í Bæjarsveit og þar fengu ferðalangarnir ljúfenga súpu hjá vertunum þar.

Ferð sem þessi hefur margþættan tilgang, þetta er skemmtiferð jafnt sem fræðsluferð og eins til að fólk kynnist sem hefur sameiginleg áhugamál. Stjórn Félags skógarbænda á Vesturlandi þakkar gestgjöfunum fyrir góðar móttökur og þátttakendum fyrir ánægjulega ferð.

Við Guðmundur brunuðum saman í bíl norður í Skagafjörð á aðalfund LSE. Norðlendingum og stjórn LSE fóst það vel úr hendi að gera þennan fund þannig að hann var bæði fróðlegur og hin besta skemmtun. Ekki er hægt að hvetja fólk of oft til þess að mæta á aðalfundi LSE því þeir eru einn helsti vettvangur skógarbænda til skoðanaskipta og mótun stefnu til framtíðar. Of langt mál væri að telja upp allt sem fram fór á þessum fundi, en rétt er að nefna að Edda Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Landssamtaka skógareigenda var sæmd gullmerki Landssamtakanna. Hún var einn af stofnendum samtakanna og sat í stjórn þeirra frá fyrstu tíð 1997, fram til aðalfundar 2013. Ef menn vilja kynna sér nánar hvað fram fór á fundinum er hægt er að nálgast allar fundargerðir á vef samtakanna: skogarbondi.is.

Framfarafélag Borgfirðinga ásamt Sögu Jarðvangi boðaði til hátíðlegs jólamarkaðar í gömlu hlöðunni í Nesi í Reykholtsdal laugardaginn 22. nóv. Á markaðinum var blanda af gæða handverki og matvælum úr héraði, ilmandi grenilykt og stemning til að koma fólk í rétta gírinn. Félag skógarbænda á Vesturlandi og Skógrækt Ríkisins voru með greinar og efni til aðventukransagerðar auk arinviðar, en einnig var krökkunum boðið upp á að rista sykurpúða yfir opnum eldi, við mikla kátínu krakkanna.

Þórarinn Svavarsson, formaður Félags skógarbænda á Vesturlandi.

NIÐURLAG

Á undanförunum árum hefur starfssemi Vesturlandsskóga verið minni en óskir stóðu til. Fjármunir verkefnisins hefur verið að mestu varið til plöntukaupa og tilfærslur en utanumhald verkefna, úttektir og gæðamál hafa legið á milli hluta en markmiðið var í upphafi árs að leggja áherslu á þann hluta starfsseminar. Gæði, eftirlit, fræðsla og ráðgjöf voru því í brennidepli á árinu. Það er mat starfsmanna Vesturlandsskóga að vel hafi tekist til á árinu en horfa til þess að gera enn betur á árinu 2015.

VIÐAUKAR

FUNDARGERÐIR

ÁRSREIKNINGUR